

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

262. fundur

Föstudaginn 17. mars 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson, varamaður.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfisstefna
2. Vetnisumsókn
3. Farþegatalningarkerfi
4. Orkuskipti í almenningssamgöngum
5. Húsnæðismál
6. Vagnakaupaútboð, kæra
7. Mælaborð yfir rekstur janúar og febrúar 2017
8. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfisstefna

Á fundi stjórnar 4. nóvember 2016 var samþykkt að senda drög að leiðakerfisstefnu Strætó til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviðum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Engar athugasemdir bárust.

Stjórn samþykkir framlagða leiðakerfisstefnu og heimilar að hún verði birt á heimasíðu Strætó.

2. Vetnisumsókn

Áframhaldandi umræða frá fundi stjórnar 3. febrúar sl. um þátttöku Strætó í prófunum á vetnisstrætisvögnum.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Íslenskri NýOrku, ódags., með minnispunktum vegna fundar 03.03.2017, þar sem Reykjavík er boðið að taka þátt í Evrópusambandsumsókn um kaup á fimm vetnisvögnum. Í minnisblaðinu er staðfest að með þátttöku í umsókninni er ekki verið að skuldbinda Strætó, hvorki fjárhagslega né lagalega. Skuldbinding félags vegna verkefnisins verði fyrst til þegar og ef félag undirritar samning um kaup á vögnum.

Stjórn Strætó áréttar ályktun sína frá 3. febrúar 2017 um að stjórn er jákvæð fyrir þátttöku í tilraun á vetnisvögnum en getur þó ekki á neinn hátt skuldbundið Strætó bs. fjárhagslega í þessu verkefni..

3. Farþegatalningarkerfi

Í fjárhagsáætlun ársins 2016 var heimild til fjárfestingar í rafrænum farþegatalningarbúnaði fyrir allt að 40 m.kr. Á árinu 2016 var fjárfest fyrir um 24 m.kr. í talningarbúnaði fyrir 22 vagna sem er um 20% af heildarfjölda vagna sem aka um höfuðborgarsvæðið daglega.

Málið verður áfram til umfjöllunar hjá stjórn.

4. Orkuskipti í almenningssamgöngum

Árni Freyr Stefánsson frá verkfræðistofunni Mannvit mætti til fundar við stjórn og kynnti verkefni sem er í vinnslu hjá Strætó varðandi hugsanleg útskipti á orkugjöfum fyrir vagnafloata Strætó í framtíðinni.

5. Húsnæðismál

Áframhaldandi umfjöllun um húsnæðismál Strætó.

6. Vagnakaupaútbóð, kæra

Fyrir fundinum lá ákvörðun kærunefndar útbóðsmála frá 9. mars 2017 í máli nr. 5/2017: BL ehf. gegn Strætó bs. og Yutong Eurobus ehf. Kærandi krafðist þess að kærunefndin ógilti ákvörðun Strætó um að taka tilboði Yutong Eurobus ehf. í örútbóði nr. III, EES samningskaup nr. 13002 – Endurnýjun strætisvagna og veitti álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó.

Kærunefndin tók afstöðu til kröfu kæranda, BL ehf. að hluta, þ.e. um að samningsgerð væri stöðvuð um stundarsakir sbr ákvæði laga um opinber innkaup. Kröfu kæranda um stöðvun samningsgerðar var hafnað á þeim grundvelli að kærufrestur hafi verið liðinn þegar kæran barst kærunefnd útbóðsmála. Kærunefndin tók ekki afstöðu til málsins að öðru leyti.

Framkvæmdastjóri mun halda áfram samningagerð við Yutong Eurobus ehf.

7. Mælaborð yfir rekstur í janúar og febrúar 2017

Lagt fram

8. Önnur mál

- a) Markaðsetning Strætó á landsbyggðinni, umfjöllun.
-

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- Framtíðarsýn í aðlögun leiðakerfis Strætó að Borgarlínu, nóvember 2016
- Minnisblað - Íslensk NýOrka, 2017.
- Mælaborð Strætó, janúar og febrúar 2017.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson

Bryndís Haraldsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sverrir Óskarsson